

fyrir úrslit málsins þó að áfrýjendur hafi aflað sér áfrýjunarleyfis, sem talið er að eigi stoð í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 15. október 1986.

Nr. 158/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Bent Niels Jónssyni og**

(Örn Clausen hrl.)

**Sveini Ragnari Jónssyni**

(Eiríkur Tómasson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða. Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 94. gr. og 220. gr. alm. hegningarlaga. Neyðarvörn. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Héraðsdómi var með stefnu 6. maí 1986 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, m.a. ályktun Læknaráðs sem fellst á niðurstöður í skýrslu dr. Ólafs Bjarnasonar um réttarkrufningu á líki Þórðar Jónssonar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans að sýkna beri ákærða Svein Ragnar af ákæru fyrir nauðgun (ákæruskjal 3. janúar 1985).

Að því er varðar efni ákæru 12. nóvember 1984 verður, svo sem gert er í héraðsdómi, að leggja til grundvallar frásögn ákærðu um árás af hendi Þórðar Jónssonar. Var þeim því samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vítalaut þótt þeir verðust árás-

inni, ef þeir beittu eigi vörnum sem voru augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það sem af henni mátti vænta gaf tilefni til. Ákærðu beittu Þórð meðal annars hálstaki er leiddi hann til bana. Hjálpuðust þeir að við verkið og verður ekki gerður greinarmunur á þætti hvors um sig í því. Telja verður að með þessu hafi ákærðu farið mjög út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar. Ber því að refska ákærðu fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hegningarlaga sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981, en til refsilækkunar verður hliðsjón höfð af 1. tl. 74. gr. sömu laga.

Ákærðu komu morguninn eftir í íbúðina og verður að ætla að Þórður hafi þá verið látinn. Verður ákærðu ekki refsað fyrir brot gegn 1. mgr. 220. gr. hegningarlaga þótt þeir hyrfu úr íbúðinni án þess að hafast að.

Refsing ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi 1 ár. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhald ákærðu svo sem greinir í héraðsdómi, en auk þess sem þar segir er þess að geta að ákærði Sveinn Ragnar sætti einnig gæsluvarðhaldi dagana 19. til 22. nóvember 1984 vegna rannsóknar þeirrar sem leiddi til ákæru 3. janúar 1985, og þykir rétt að sú vist verði einnig dregin frá refsingu hans.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað þykir mega staðfesta. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Mál þetta var fyrst tekið fyrir í sakadómi Reykjavíkur 10. desember 1984 en síðan var eigi þingað í því fyrr en 5. desember 1985. Eigi kemur fram í gögnum málsins skýring á þessum mikla drætti.

#### D ó m s o r ð:

Ákærðu, Bent Niels Jónsson og Sveinn Ragnar Jónsson, sæti hvor um sig fangelsi eitt ár. Frá refsingu dragist gæsluvarðhaldsvist ákærðu, Bents Nielsar í 9 daga en Sveins Ragnars í 12 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði Bent Niels Jónsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur, og ákærði Sveinn Ragnar Jónsson málsvarnarlaun verjanda

síns, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærðu in solidum, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur.

**S é r a t k v æ ð i**  
**hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og**  
**Magnúsar Thoroddsen.**

Með tilliti til hins slysalega verknaðar ákærðu, ungs aldurs þeirra svo og sakferils fyrir og eftir að brot var framið, teljum við rétt að fresta fullnustu refsingar og falli hún niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærðu halda almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Að öðru leyti erum við sammála atkvæði meiri hluta dómara.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. janúar 1986.**

Ár 1986, miðvikudaginn 15. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 29-30/1986: Ákærvaldið gegn Bent Niels Jónssyni og Sveini Ragnari Jónssyni, sem tekið var til dóms 11. f.m.

Málið er höfðað fyrir dómnum með tveim ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 12. nóvember 1984 og 3. janúar 1985.

Samkvæmt fyrrnefndu ákærinni er málið höfðað á hendur ákærðu, Bent Niels Jónssyni sjómanni, áður að Fífuseli 7 í Reykjavík, síðar að Melabraut 57, Seltjarnarnesi, fæddum 12. október 1965 í Reykjavík og Sveini Ragnari Jónssyni afgreiðslumanni, Stallaseli 2 í Reykjavík, fæddum 15. nóvember 1965 í Reykjavík, „fyrir að hafa aðfaranótt föstudagsins 23. desember 1983 orðið samvaldir að dauða Þórðar Jónssonar, fædd 28. desember 1963, í íbúð á 2. hæð hússins nr. 7 við Fífusel í Reykjavík, með því að hafa milli kl. 03 og 04 umrædda nótt, þá er ákærðu og Þórður Jónsson sátu þar að drykkju áfengis og Þórður réðst skyndilega að ákærðu með líkamlegu ofbeldi, gerst offarar í varnaraðgerðum gagnvart Þórði m.a. með því að snúa hann tvívegis í gólfíð með harkalegum hálstökum og halda honum þar með hjálp hins, fyrst ákærði Bent Niels og síðar ákærði Sveinn Ragnar, og eigi látið af tókunum í seinna skiptið fyrr en Þórður lá eftir lífvana eða meðvitundarlaus og síðan hraðað sér á brott úr íbúðinni.

Þá er ákærðu ennfremur gefið að sök að hafa komið á ný í íbúðina um kl. 08 um morguninn og komið þar að Þórði liggjandi í sömu skorðum og þeir skildu við hann en eigi að síður yfirgefið íbúðina án þess að athuga um ástand Þórðar eða kalla eftir aðstoð. Komið var svo að Þórði seinna

sama dag um kl. 17 og reyndist hann þá látinn og leiddi krufning í ljós, að Þórður hafði verið kyrktur og köfnun af þeim sökum leitt hann til dauða.

Framanlýst atferli beggja ákærðu telst varða við 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með síðarnefndu ákærinni er höfðað mál á hendur ákærða Sveini Ragnari „fyrir að hafa, aðfaranótt eða að morgni sunnudagsins 18. nóvember 1984, með ofbeldi þröngvað stúlkunni X, fæddri ..... 1961, til holdlegs samræðis í herbergi sínu í Stallaseli 2 sem að ofan greinir.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

#### *Ákæra dagsett 12. nóvember 1984.*

Föstudaginn 23. desember 1983 klukkan 17.04 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt frá slökkvistöðinni í borginni að slys hefði átt sér stað að Fifuseli 7. Þangað héldu tveir lögreglumenn og samkvæmt skýrslu annars þeirra var hér um að ræða íbúð á 2. hæð til vinstri, en þar bjuggu hjónin Jón Niélsson og Jódís Þorsteinsdóttir ásamt tveim sonum sínum, ákærða Bent Niels Jónssyni og Þórði Jónssyni, en það var hann sem lá látinn á grúfu á gólfinu þvert fyrir framan eldhúsdyrnar í íbúðinni.

Lögreglumennirnir komu á staðinn um líkt leyti og sjúkrafreið með tveim brunavörðum, lækni og hjúkrunarfræðingi. Að sögn læknisins var Þórður látinn fyrir nokkrum klukkutímum og lík hans stirðnað. Bar íbúðin þess merki að átök hefðu átt sér stað þar. Í íbúðinni var húsmóðirin grátandi í taugalosti. Upplýsti hún að hún hefði ekki verið heima og þegar hún hefði komið heim rétt áður hefði hún komið að Þórði látnum á gólfinu.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var tilkynnt um málið klukkan 17.18 og komu starfsmenn hennar til frekari rannsóknar á vettvang.

Jódís Þorsteinsdóttir sagði lögreglunni að hún hefði dvalið að Brekku í Vogum á Vatnsleysuströnd. Fóru lögreglumenn úr Keflavík þangað og fengu staðfest að Jódís hefði komið þangað um klukkan 22 að kvöldi þriðjudagsins 20. desember og dvalið þar fram til á milli klukkan 15 og 17 hinn 23. desember að hún hefði farið á brott í leigubifreið.

Læknir sá, er kom með sjúkrafreiðinni, hafði upplýst að hann hefði

athugað hinn látna og taldi hann að hann hefði ekki látist með eðlilegum hætti.

Jódís sagði lögreglunni að maður hennar væri úti á sjó á togara, en hún kvaðst ekki vita hvar sonur hennar ákærði Bent Niels væri, en hann ætti að vera í Reykjavík.

Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður og Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður komu fyrstir til rannsóknar málsins í íbúðina að Fífuseli 7. Gerði hinn fyrrgreindi skýrslu um för þeirra þangað.

Í skýrslu Högna kemur fram að Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir hafi komið á staðinn klukkan 18.05 til að skoða hinn látna og hefði hann talið að ekki væru minna en 12 klukkustundir síðan hann hefði látist og ekki meira en 20 klukkustundir.

Klukkan 18.10 hringdi í íbúðina Dóra Skúladóttir, Stallaseli 2, móðir ákærða Sveins Ragnars Jónssonar og spurði eftir honum. Hún upplýsti að sonur hennar og ákærði Bent Niels væru kunningjar og hefðu báðir verið heima hjá henni ölvaðir klukkan 7 um morguninn. Hefðu þeir sagt henni, að þeir hefðu verið að drekka í íbúðinni að Fífuseli 7 ásamt hinum látna og þá lent í einhverjum átökum.

Í skýrslu Högna segir svo um athugun á vettvangi:

„Þegar við Bjarni komum á staðinn þá lá hinn látni í holinu í íbúðinni þannig að höfuðið snéri að útidyrhurðinni. Hann lá á grúfu og andlitíð snéri að hægri öxl.

Vinstri handleggur var krepptur um olnboga og lá undir kviði hins látna, en hægri handleggur var krepptur um olnboga og snéri hendi fram og nam við öxl. Fætur hins látna voru beinir.

Hinn látni var klæddur í bláar gallabuxur, dökkbláar nærbuxur og hvítan netbol að ofan.

Hann var berfættur.

Hann var með húðflúr á vinstri handlegg, en það var arnarmynd með áletruninni Ísland.

Sjáanlegir áverkar:

Tvær skinnsprettur á hálsi og mar vinstra megin á hálsi. Þrjár litlar húðrispur á þumalfingri vinstri handar og á hnúum vinstri handar sams konar sár.

Á olnboga vinstri handar voru þrjár blettir.

Neðst á hægri hendi voru fleiður með húðrispur og eins alveg upp eftir handarjaðri og upp á framhandlegg.

Á innanverðum olnboga hægri handar var blettur ca 1 sm í þvermál. Í handarkrika hægri megin voru sérstakir marblettir, smáir og stórir. Húðrispur voru á framhandlegg hægri handar.

Líkið var einnig þakið líkblettum.

Á herðablöðum voru för með mynstri netbolsins sem hann var klæddur í, en þessi för voru rauðleitari en húðliturinn. Þetta eru tvær rákir skáhallt yfir hægri herðablað og stór blettur á vinstra herðablaði.

Einnig svona blettur frá hægri öxl og niður.

Trúlega eru þessi för stimpluð eftir skyrtna sem hann var í við það að fá högg.“

Lík Þórðar Jónssonar var krufið og segir svo um krufninguna í skýrslu dr. Ólafs Bjarnasonar prófessors:

„Líkið er af 183 cm háum karlmanni sterklega byggðum í meðal holdum. Líkið er alstirt og rauðbláleitir fremur dökkir líkblettir eru dreifðir um bæði aftan- og framanverðan líkamann. Á hægri kinn ofan til og hægri gagnauga eru 3 marblettir sem mælast frá 5 mm upp í 1 cm í þvermál. Rétt utan við ytri hægri augnkrók er mar í augnlokinu sem mælist  $1 \times 0,5$  cm. Blóðlituð vilsa er í nösum. Húð á vörum er dökkbláleit og skorpin. Ekkert sérstakt á ytri eyrum að sjá.

Efst á hálsinum framanverðum eru 2 þverstæðar rákir með u.þ.b. 1 cm millibili en samhliða. Efri rákin er alveg upp undir kverkinni og mælist 12 cm á lengd. Neðri rákin mælist 7 cm á lengd. Þær ná báðar jafnlangt yfir til vinstri. Í miðjum rákunum sem eru svarbláar að lit er um 1 mm breið rispa sem nær ekki inn úr húð. Sitt hvoru megin meðfram rispunum eru rákirnar myndaðar úr mari sem mælist allt að 0.7 cm á breidd í efri rákinni og 0.4 cm á breidd í þeirri neðri. Um 3 cm neðan við rákirnar eru nokkrir hringlaga marblettir í húðinni frá 0.2-1 cm í þvermál.

Grunnar skurfur eru á hnúum vinstri handar. Ofan á vinstri þumalfingri eru 4 grunnar skurfur gulbrúnar frá 2-7 mm að lengd. Umhverfis vinstri olnboga eru 7 hrufblettir frá 4-8 mm í þvermál. Ofan til á vinstri upphandlegg 14 cm neðan við öxlina er marblettur á húðinni sem mælist  $4 \times 1.5$  cm.

Utanvert á hægri framhandlegg er hrufur með marblettum og nær frá ulnið og 19 cm upp eftir handleggnum. Innanvert á handleggnum eru auk þess marblettir og hrufur á þrem stöðum upp undir olnboga og mælast frá 2-11 cm á lengd og frá 3 mm upp í 1.5 cm á breidd. Áverkar þessir virðast hvergi ná inn úr húðinni. Nokkur smá hrufur eru á hnúum hægri handar frá 1-6 mm í þvermál. Í hægri handarkrika eru dreifðir dökkbláir blettir skarpt afmarkaðir (vibicus eða marblettir), og eru sumir punktlaga en aðrir stærri og mælist sá stærsti  $2.5 \times 2$  cm. Á herðablöðum er marbletta- eða hrufmunstur svipað því sem verið gæti eftir nærhol þann sem maðurinn var klæddur í.

Dreifðar punktbleðingar eru í andliti einkum á enninu. Í conjunctivae augna eru einnig dreifðar punktbleðingar.“

Næst er gerð grein fyrir hinum einstöku atriðum krufningarinnar. Þar kemur fram, að nýlegar blæðingar séu í vöðva framan við vinstra lappa

skjaldkirtils. Svarandi til ofnagreindra ráka á hálsinum voru einnig nýlegar blæðingar í húðina og mjúka vefi undir henni. Þá var nokkur blæðing í galea svarandi til marblettisins á gagnaugasvæðinu. Við nánari athugun á barkakýli og málbeini sást sprunga í vinstri enda málbeins og nokkur blæðing í kring. Á barkarkýlinu sjálfu var ekkert að sjá.

Um smásjárskoðun segir svo í skýrslunni:

„Í sneiðum úr húð og subcutis af hálsi sést rof í epidermis svarandi til rispanna í miðjum þverrákum þeim sem lýst er að ofan og lágu þversum framanvert á hálsinum aðallega vinstra megin. Niður frá rispunum í epidermis eru ferskar blæðingar í dermis, sem teygja sig niður í supcutis.

H.d.: Abrasiones cutis colli cum hæmorrhagias contusiones dermis et subcutis.

Í sneiðum úr lungum sést bráð blóðfylla og nokkur bjúgur.

H.d.: Stasis acuta et oedema pulmonum.

Í sneiðum úr þverrákóttum vöðva og fituvef framan af hálsi sjást ferskar blæðingar.

H.d.: Hæmorrhagiae contusiones musculi et subcutis colli.

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósríti, var magn etanóls í blóði 2.07‰ og í þvagi 1.75‰. Við almenna lyfjaleit fannst vottur af nikotíni, en engin önnur lyf eða eiturefni.“

Í lok skýrslunnar segir síðan:

„Ályktun: Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna virðist ljóst að maðurinn hafi verið kyrktur og hafi köfnun af þeim sökum leitt hann til dauða.

Maðurinn hefir verið ölvaður er hann lést.“

Arinbjörn Sigurgeirsson rannsóknarlögreglumáður gerði skýrslu um lýsingu á íbúðinni á 2. hæð til vinstri að Fifuseli 7 og innanstokkshlutum í henni, sérstaklega í holi og stofu. Er lýsingin á þessa leið:

— — —

Ákærði Bent Niels var handtekinn á heimili sínu er hann kom þangað klukkan 22.41 um kvöldið með föður ákærða Sveins Ragnars sem hafði komið til þeirra þar sem þeir voru staddir á veitingahúsinu Gauki á Stöng. Var ákærði Bent Niels yfirheyrður þegar í stað í fangelsinu að Síðumúla 28, en þangað var hann fluttur. Hófst yfirheyrslan klukkan 22.50.

Ákærði kvaðst hafa farið í frí fyrir 7-8 dögum og notað tímann að nokkru til áfengisdrykkju. Hann kvaðst hafa drukkíð sl. laugardag en einn eða fleiri daga hefði hann ekki neytt áfengis.

Ákærði kvaðst hafa byrjað áfengisdrykkju um kvöldmatarleytið kvöldið áður í bifreið kunningja síns, Sigtrygs Ólafssonar. Hefðu þeir farið heim

til Sigtryggs og hringt þaðan í ákærða Svein Ragnar. Eftir skamma stund fóru þeir í bifreið Sigtryggs heim til ákærða Sveins Ragnars og sóttu hann. Síðan var farið heim til ákærða og komið þangað klukkan 19-19.30. Fann ákærði þá til áfengisáhrifa. Drakk hann fyrst romm í coca-cola og síðan vodka.

Skömmu eftir að ákærði og félagar hans komu heim til ákærða komu kunningjar þeirra Kristinn og Jóhannes þangað, en Sigtryggur hafði hringt í þá. Var farið að drekka áfengi og spila á spil.

Ákærði hringdi í kunningja sinn Sigurð að nafni og bað hann að lita inn. Kom hann klukkan 21-21.30 og einnig vinkona Kristins, Herdís Sigurðardóttir. Stóð hún stutt við, kom einhvern tíma fyrir miðnætti og var í 10-20 mínútur.

Á milli klukkan 22 og 23 kom bróðir ákærða heim úr vinnu. Ræddi ákærði við hann og bauð honum áfengi. Þáði Þórður það og hóf drykkju í stofunni.

Ákærði kvaðst hafa orðið mjög drukkinn og hélt að gestir hans hefðu allir farið fyrir miðnætti eða um það bil, að ákærða Sveini Ragnari einum undanskildum. Ekki kvaðst ákærði muna um hvaða leyti Þórður fór inn í herbergi en ákærði kvaðst ekki vita hvort Þórður fór inn í sitt herbergi eða eitthvert annað herbergi. Þá kvaðst hann ekki muna hvort hann fór nokkru sinni inn í herbergi til Þórðar eða ekki. Ákærði sagði að langur tími hefði liðið frá því að Þórður fór inn í herbergi og þar til hann kom aftur inn í stofuna. Sátu ákærðu við drykkju allan þennan tíma. Síðan gerðist það skyndilega að Þórður kom inn í stofuna alveg óður. Sló hann loftljós í sundur. Kvaðst ákærði muna þetta mjög óljóst sökum ölvunar sinnar þá.

Ákærði kvaðst halda að hann hefði setið í hægindastól við plötuspilarann í stofunni og Sveinn hefði setið í sófanum í stofunni. Ákærði kvaðst ekki muna hvað Þórður gerði fleira þar sem ákærði kvaðst hafa staðið upp af stólnum og reynt að róa hann, en hann sá að Þórður sló með hnefunum frá sér. Kvaðst ákærði ekki muna hvort Þórður sló ákærða eða gerði tilraun til þess.

Ákærði kvaðst hafa tekið haustak eða hálstak á Þórði, og kvaðst hann muna eftir því, að þeir hefðu báðir legið á gólfinu fyrir framan eldhúsdyrnar. Kvaðst ákærði hafa haldið Þórði niðri með hálstaki og þar sem Þórður veitti mikla mótspyrnu, þá hefði ákærði beðið ákærða Svein Ragnar að halda fótum Þórðar. Hefði ákærði Sveinn Ragnar gert það.

Ákærði kvaðst hafa beðið ákærða Svein Ragnar að halda Þórði á meðan ákærði leitaði að seðlaveski sínu, og kvaðst ákærði hafa sleppt Þórði og ákærði Sveinn Ragnar þá tekið við og haldið Þórði í gólfinu. Kvaðst ákærði

ekki muna né vita hvernig ákærði Sveinn Ragnar hélt Þórði, en Þórður hefði þá verið farinn að róast.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið seðlaveski sitt. Hann kvaðst hafa beðið ákærða Svein Ragnar að hringja í sjúkralið fljótlega eftir að ákærði hafði Þórð í gólfíð. Kvaðst ákærði hafa verið hræddur við Þórð og talið hann brjálaðan. Þar sem ákærðu voru mikið ölvadir, þá misfórst þetta og ákærði Sveinn Ragnar hringdi aldrei neitt.

Ákærði sagðist hafa haldið það ráð að sleppa Þórði og skyldu þeir hlaupa út úr íbúðinni og láta Þórð einan eftir. Ákærða fannst Þórður veita viðnám, og þess vegna hélt ákærði að eina ráðið fyrir ákærðu væri að flýja úr íbúðinni. Þórður hefði þó sýnt mun minna viðnám í lokin og ákærði taldi að hann væri að róast.

Síðan hlupu ákærðu út úr íbúðinni og fóru beina leið heim til ákærða Sveins Ragnars og komu þangað síðla nætur eða snemma um morguninn.

Ákærði kvaðst hafa farið að sofa heima hjá ákærða Sveini Ragnari og hefði hann vaknað um klukkan 8 um morguninn þegar faðir ákærða Sveins Ragnars vakti hann til vinnu. Hann fór þó ekki til vinnu heldur fóru ákærðu heim til ákærða. Kvaðst ákærði hafa komið að hurðinni að íbúðinni heima hjá sér opinni og hefði Þórður þá legið á grúfu á gólfinu fyrir framan eldhúsið.

Ákærði taldi að Þórður svæfi ölvunarsvefni og reyndi ekkert að vekja hann eða snerti hann. Leitaði ákærði að seðlaveski sínu en fann það ekki en hann ætlaði að sækja það til þess að fara í búðir og kaupa jólagjafir. Ákærði Sveinn Ragnar var aftur á móti með peninga og gat lánað ákærða.

Ákærði kvaðst hafa farið inn í stofuna og séð að hún var öll í „rúst“, þ.e.a.s., að stólar voru um koll, loftljós brotið og stofan öll í ólestri eftir átökin eða af völdum Þórðar, en nánar vissi ákærði ekki um ástæðurnar sökum ölvunar um nóttina.

Ákærði fór síðan úr íbúðinni og læsti hurðinni á eftir sér. Þeir ákærðu héldu síðan í bæinn og gengu í verslanir við Laugaveg og víðar.

Ákærði upplýsti að það hefði verið ákveðið í áðurgreindum kunningjahópi að fara á Gauk á Stöng við Tryggvagötu og borða þar. Fóru ákærðu þangað og sáu ekki féлага sína. Þeir fóru þá á brott, gengu upp Laugaveg og fóru á billiardstofu við Hverfisgötu. Þar dvöldu þeir í hálfu klukkustund að ákærði taldi og héldu þeir þá aftur á Gauk á Stöng og hittu þar Kristin og Sigtrygg. Voru þá liðnar 1-2 klukkustundir frá því að þeir komu þar í fyrra skiptið. Skömmu eftir komu ákærðu á Gauk á Stöng í síðara skiptið kom faðir ákærða Sveins Ragnars til þeirra og skýrði frá því að móðir ákærða Sveins Ragnars hefði hringt nýlega heim til ákærða Bents Nielsar og talað við móður hans og heyrð á henni að Þórður væri látinn. Héldu

ákærði og faðir ákærða Sveins Ragnars síðan heim til ákærða, þar sem hann var handtekinn eins og áður er frá greint.

Þessari yfirheyrslu lauk klukkan 0.30 um nóttina.

Ákærði Sveinn Ragnar var einnig handtekinn um kvöldið og hófst yfirheyrsla yfir honum klukkan 0.45 um nóttina.

Ákærði sagði að um kvöldmatarleytið umræddan dag hefðu ákærði Bent Niels og Sigtryggur Árni Ólafsson komið að heimili hans á bifreið Sigtryggs Árna. Fóru þeir síðan allir þrír í henni heim til ákærða Bents Nielsar og hófu þar áfengisdrykkju. Var í bifreiðinni 1,75 lítra Vodkaflaska óátekin, sem ákærði átti.

Um kvöldið komu til þeirra Jóhann Þorkelsson, Kristinn Tómasson, Sigurður Sigurðsson (sic) og Herdís Sigurðardóttir. Stóð hún þó stutt við.

Á milli klukkan 22 og 23 kom Þórður heim. Vissi ákærði ekki hvaðan hann kom eða hvort hann var undir áhrifum áfengis eða ekki.

Flestir gestirnir fóru um miðnætti, en Jóhann dvaldi lengur og fór um klukkan 1. Voru þá ákærðu og Þórður eftir í íbúðinni.

Ákærði sagði að fljótlega eftir að Þórður kom hefði hann bedið ákærða Bent Niels að biðja sig um áfengi. Var það auðsótt og færði ákærði Bent Niels bróður sínum áfengisglas inn í herbergi hans. Kom Þórður fyrst í eldhúsið þegar hann kom, en fór síðan inn í herbergi sitt. Mundi ákærði til þess að ákærði Bent Niels færði bróður sínum inn í herbergi hans tvö glös með áfengi frá komu hans í húsið og fram til þess að flestir fóru á brott.

Ákærði sagði að Þórður hefði komið fram í stofuna til þeirra ákærðu eftir að aðrir voru farnir, og hélt ákærði að Þórður hefði jafnvel verið búinn að drekka fleiri áfengisblöndur en þær tvær sem áður greindi þegar hann kom fram í stofuna skömmu eftir miðnætti. Minnti ákærða að Jóhann hefði verið farinn þegar Þórður kom fram. Var Þórður eitthvað ölvaður því hann var skrafhreifinn þegar hann kom inn í stofuna. Kvaðst ákærði hafa fundið vel til áfengisáhrifa um þetta leyti. Sagði ákærði Þórð hafa setið í stofunni hjá þeim í langan tíma, líklega 1-2 klukkustundir. Þá fór Þórður út úr stofunni og eftir 1-2 mínútur eða svo kom hann aftur inn í stofuna mikið breyttur í skapi. Kvaðst ákærði muna að vel fór á með þeim bræðrum á meðan þeir voru í stofunni og áður en Þórður fór úr henni. Hefðu þeir setið í sófanum við hlið ákærða og haldið hvor utan um annan og verið mjög vinsamlegir í garð hvor annars.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið eftir því þegar Þórður kom aftur inn í stofuna. Hefði hann verið að tala við ákærða Bent Niels, þegar honum varð litið til hliðar og sá hvar Þórður sló með hnefanum í ljósakrónuna. Beygði ákærði sig þá niður til þess að verða ekki fyrir ljósinu eða brotum

úr því. Stóð ákærði Bent Niels nú upp, tók utan um bróður sinn og hélt honum þannig, en lagði hann síðan á gólfið og tók hálstak á honum. Síðan sleppti hann takinu, og þeir stóðu upp. Þá trylltist Þórður aftur og ákærði Bent Niels tók honum á ný hálstaki og lagði hann á gólfið. Var þetta nær forstofunni en í fyrra skiptið. Hrópaði Þórður á ákærða Bent Niels þegar þeir lágu á góflinu að hann skyldi drepa hann.

Ákærði Bent Niels bað ákærða að ná í hjálp og einnig að hringja á Klepp eða eitthvað á meðan þeir bræður lágu á gólfinu. Kvaðst ákærði hafa hlaupið fram í stigahúsið og hringt dyrabjöllum á nokkrum íbúðum í stiga-húsinu, en enginn hefði svarað. Kvaðst ákærði hafa trúað að Þórður væri líklegur til að fylgja eftir hótunum sínum. Var ákærði hræddur og virtist ákærði Bent Niels vera það einnig.

Ákærði kvaðst nú hafa hlaupið út úr húsinu, en þá hefði hann heyrt opnaða svalahurð eða gluggatjöld dregin frá og hrópað „Svenni“. Ákærði kvaðst þá hafa hlaupið upp í íbúðina. Var hurðin að henni læst og barði ákærði á hana.

Þórður opnaði hurðina fyrir ákærða. Þá kom ákærði Bent Niels að og Þórður trylltist og réðst á hann. Sló hann ótt og títt með hnefum beggja handa til ákærða Bents Nielsar sem bar hendur fyrir andlit og höfuð sitt og reyndi einnig að taka utan um Þórð. Ákærði kvaðst þá hafa ráðist að Þórði og tekið hann hálstaki með hægri hendi og hert að. Stóð ákærði þá við vinstri hlið Þórðar og sneri hann niður í gólfið þannig að hægri hlið Þórðar kom fyrst í gólfið. Ákærði Bent Niels tók í fæturna á Þórði og hjálpaði ákærða að koma Þórði úr jafnvægi og í gólfið. Fór ákærði í gólfið með Þórði og hélt haustakinu áfram eftir að Þórður var kominn í gólfið. Hann gat ekki sagt með neinni nákvæmni, hvað hann hélt haustakinu lengi, en það hefði skipt einhverjum mínútum og verið þétt. Gerðist þetta við eldhúsdyrnar í holinu.

Ákærði sagði að ákærði Bent Niels hefði hrópað nokkrum sinnum til sín að Þórður væri að safna kröftum og tæki sitt stóra kast. Sammæltust ákærðu um að flýja úr íbúðinni, en ekki mundi ákærði hvor þeirra hafði fyrst orð á því að gera það, en það hefðu þeir verið sammála um að gera.

Á meðan ákærði hélt ádurgreindu taki var ákærði Bent Niels að leita að veski sínu og var hann nokkuð lengi að því. Þegar ákærði fann að Þórður veitti ekki viðnám linaði hann takið, en var tilbúinn að herða það ef hann sýndi frekari mótþróa. Lá Þórður allan tímann á hægri hliðinni á meðan ákærði hélt honum. Reyndi hann ekki að nota hendurnar gegn ákærða frá því að hann lenti í gólfinu og þar til ákærði sleppti honum og hljóp út úr íbúðinni með ákærða Bent Nielsi. Leit ákærði ekki á Þórð þegar þeir hlupu á brott, og kvaðst ákærði halda að hann hefði legið á

hægri hlið eða í sömu stellingum og hann var upphaflega lagður í gólfið. Hafi hann verið berhentur og áhaldalaus og ekki haft neitt í höndunum sem hann gæti notað gegn ákærða Bent Nielsi.

Ákærði kvað ákærða Bent Niels enga tilraun hafa gert til að nota símann til þess að kalla eftir hjálp, hvorki lögreglu né aðra aðila.

Ákærði kvaðst hafa verið talsvert ölvaður. Hann kvaðst ekki hafa neytt köldverðar áður en hann hóf drykkjuna né eftir að hann hóf hana. Hann giskaði á, að hann hefði drukkið úr ca 5 glösum fram að miðnætti og e.t.v. 3 glösum eftir þetta.

Ákærði gerði sér ekki grein fyrir hvor þeirra ákærðu varð fyrri til að yfirgefa íbúðina og hafði enga vitneskju um hvað klukkan var þá. Fóru ákærðu gangandi heim til ákærða, þar sem þeir lögðust til svefns og sofnuðu. Vakti faðir ákærða þá um morguninn. Var ákærði þá þunnur en ekki ölvaður. Fóru þeir fljótlega eftir að þeir vöknudu heim til ákærða Bents Nielsar.

Ákærði sagði að ákærði Bent Niels hefði farið inn í íbúðina, en hurðin hefði staðið opin. Kvaðst ákærði hafa staðið í dyragættinni á meðan ákærði Bent Niels leitaði að veski sinu, sem hann fann ekki. Sá ákærði hvar Þórður lá á grúfu á sama stað og þeir höfðu skilið við hann um nóttina. Reyndi ákærði ekki að tala til Þórðar né varð hann þess var, að ákærði Bent Niels gerði það heldur. Leiddi ákærði ekki hugann að því í hvaða ástandi Þórður væri, liggjandi á grúfu á gólfinu. Kvaðst ákærði hafa haldið að hann væri sofandi.

Ákærði sagði þá síðan hafa farið á brott úr íbúðinni og ekki aðgætt neitt nánar um Þórð. Fóru þeir niður í miðborgina, á Hressingarskálann til að borða, á billiardstofu við Hverfisgötu og í Sundhöll Reykjavíkur í sund. Þá skoðuðu þeir í verslanir með það fyrir augum að kaupa síðar um kvöldið vörur til jólagjafa.

Um klukkan 18 litu þeir félagar inn á Gauki á Stöng og aftur komu þeir þangað um klukkan 20. Sagði þá faðir ákærða þeim frá láti Þórðar. Fór ákærði Bent Niels síðan með honum, en ákærði varð eftir og nokkru síðan kom faðir hans til baka og með honum maður frá rannsóknarlög-reglunni.

Yfirheyrslunni yfir ákærða lauk kl. 4.20 um nóttina.

Ákærðu voru yfirheyrðir á ný 2. janúar 1984 af rannsóknarlög-reglunni.

Ákærði Bent Niels kvaðst hafa verið mjög ölvaður, þegar gestir hans fóru um nóttina og mundi hann ekki eftir burtför þeirra. Ákærði kvaðst muna eftir því að Þórður hefði setið við hlið hans í stofunni þegar gestirnir voru farnir, aðrir en ákærði Sveinn Ragnar, og hefði farið mjög vel á með þeim bræðrum. Hefðu þeir verið að ræða uppeldi sitt og tjáð hvor öðrum

hve vænt þeim þætti um hinn. Þá komu fram hjá Þórði einhver særindi út af heimilisástæðum þeirra bræðra. Ekki gat ákærði munað neitt nánar um átökin.

Ákærði Sveinn Ragnar kvað nokkur atriði hafa skýrst hjá sér eftir fyrri yfirheyrsluna. Hann kvaðst muna eftir því að hafa aðstoðað ákærða Bent Niels í eitt skiptið við að leggja Þórð á gólfid og hefðj það líklega verið í holinu, en þó væri hann ekki alveg viss um staðinn. Kvaðst ákærði hafa heyrt ákærða Bent Niels kalla til sín um að halda fótunum á Þórði, en þá hefði hann brotist um á gólfinu þar sem ákærði Bent Niels hélt honum í hálstaki. Kvaðst ákærði hafa haldið utan um fætur Þórðar og átt fullt í fangi með að halda þeim. Ákærði kveðst muna að þegar ákærði Bent Niels hélt Þórði á gólfinu í forstofunni hefði höfuð Þórðar snúið í áttina að eldhúsinu, en fætturnir að svefnherbergisgangi.

Ákærði kvaðst halda að ákærði Bent Niels hefði kallað til sín að hringja á Klepp, á meðan hann hélt Þórði á gólfinu í forstofunni. Ákærði kvaðst þó ekki vera alveg viss um þetta atriði. Mundi ákærði að hann hefði sest á símastól í forstofunni og tekið sér í hönd símaskrá til að leita að símanúmeri, en ekki fundið.

Ákærði kvaðst halda að hann hefði hlaupið út úr íbúðinni, þegar ákærði Bent Niels hélt Þórði á gólfinu í forstofunni, en var ekki viss um þetta atriði. Hann kvaðst hafa hringt á dyrabjöllur við íbúðardyr en ekki fyrir utan innkomudyr í stigahúsinu.

Ákærði taldi sig hafa sparkað með vinstra fæti í hurðina á íbúðinni þegar hann kom upp eftir að hafa heyrt ákærða Bent Niels kalla í sig, en ákærði kom að dyrunum læstum og barði einnig á þær. Hélt ákærði að Þórður væri að kasta ákærða Bent Nielsi út af svölunum.

Ákærði kvað Þórð hafa opnað hurðina að íbúðinni. Kvaðst ákærði hafa staðið á þröskuldinum og ekki þorað inn í íbúðina. Sá ákærði Þórð fara að hilluskilrúmi á milli forstofunnar og stofunnar. Í dyragatinu hafi hann staðnæmst og tekið til við að berja með hægri hendi í vinstra hliðarstykkið í hurðargatinu, séð frá íbúðardyrunum. Þá hafi ákærði Bent Niels komið innan úr stofunni og Þórður ráðist gegn honum og slegið til hans með hnúum og hnefum beggja handa. Ákærði Bent Niels hafi borið báðar hendur fyrir höfuð sér og hrakist eða hörfað inn að norðurvegg í stofunni fast upp við skilrúmið sem er á milli forstofu og stofu.

Ákærði kvaðst hafa séð að eigi mátti við svo búid standa og að hann yrði að koma ákærða Bent Nielsi til aðstoðar. Ákærði kvaðst því hafa farið frá íbúðardyrunum og inn í stofuna þar sem þeir bræður voru og tekið Þórði hálstaki. Ákærði Bent Niels hafi þá einnig tekið utan um Þórð, en ákærði kvaðst ekki geta lýst því nákvæmlega hvernig ákærði Bent Niels

hélt utan um Þórð. Ákærði kvaðst síðan hafa snúið Þórð niður á hálstaki og Þórður fallið í gólfið fyrir framan eldhúsdyrnar með höfuðið að fatahengisskoti og fætur að stofudyrum.

Ákærði kvaðst síðan hafa haldið Þórði í hálstakinu, en línað það aðeins þegar hann varð þess var að Þórður veitti minna viðnám. Hélt ákærði síðan hálstakinu á meðan ákærði Bent Niels leitaði að veskinu, en síðan hlupu þeir út úr íbúðinni. Kvaðst ákærði ekki muna til þess að ákærði Bent Niels héldi hálstaki á Þórði eftir að ákærði lagði Þórð á ádurgreindan stað og þar til þeir hlupu saman út úr íbúðinni.

Ákærði mundi ekki eftir því hvort þeir lokuðu íbúðarhurðinni á eftir sér eða skildu hana eftir opna. Hún hefði hins vegar fallið að stöfum þegar þeir komu um morguninn, og var þá pennastatif á milli stafs og hurðar.

Ákærðu voru samprófaðir sama dag og skýrt frá því, að framburði þeirra bæri ekki saman um átökin skömmu áður en þeir fóru úr íbúðinni. Héldu ákærðu báðir fast við fyrri framburð.

Ákærði Bent Niels kvaðst ekkert muna eftir að hafa farið út á svalir og kallað til ákærða Sveins Ragnars né myndi hann til þess, að Þórður hefði gert það.

Ákærði Bent Niels kvaðst muna eftir því að hann hefði haldið Þórði í hálstaki í gólfinu í forstofunni eftir að hann hefði heyrt framburð ákærða Sveins Ragnars. Ákærði Bent Niels kvaðst halda að hann hefði ruglast á þessum tveimur skiptum sem Þórði var haldið í hálstaki á forstofugólfinu. Ákærði Bent Niels kvaðst ekki muna hvernig Þórður lá á gólfinu í forstofunni þegar hann hélt honum í haustakinu, en mundi eftir því að hann hefði séð hvar ákærði Sveinn Ragnar sat eða stóð við símaborðið. Ekki kvaðst ákærði Bent Niels muna eftir því að ákærði Sveinn Ragnar hefði farið út úr íbúðinni og ekki myndi hann eftir því að Þórður hefði ráðist á hann með hnefahöggum stofumegin við skilrúmið sem er á milli stofu og forstofu.

Ákærði Bent Niels kvaðst muna eftir að Þórður hefði slegið með hnefanum í skilrúmsvegginn milli forstofu og stofu, en kvaðst ekki muna hvar hann stóð þá eða í hvaða tímaröð það var.

Loks kvaðst ákærði Bent Niels ekki muna eftir því að Þórður hefði í frammi líflátshótanir eða aðrar hótanir.

Við meðferð málsins hefur ákærði Bent Niels borið við minnisleysi um atburðinn, en hann hafi verið mikið ölvaður. Segir hann að byggja megi á skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu. Hann rámar nú í að hann hafi farið út á svalir íbúðarinnar eftir fyrstu átökin við Þórð og kallað á ákærða Svein Ragnar.

Ákærði Sveinn Ragnar hefur við meðferð málsins kannast við, að hann

hafi orðið samvaldur að dauða Þórðar, en vill þó halda því fram að full sterklega sé til orða tekið í verknaðarlýsingu ákæru.

Ákærði Sveinn Ragnar segir að ákærði Bent Niels hafi reynt að róa Þórð eftir að hann hafi slegið niður ljósakrónuna og hafi hann tekið honum háls-taki í þessum átökum.

Ákærði kveðst hafa tekið háistaki sínu á Þórði þar sem þeir stóðu á gólf-inu og í beinu framhaldi af því hafi þeim báðum tekist að fella hann í gólfið. Hafi ákærði Bent Niels haldið í fætur Þórðar á meðan hann braust um. Þegar umbrot Þórðar hafi minnkað hafi ákærði Bent Niels sleppt tókunum á fótum Þórðar og staðið upp. Ákærði kveðst ekki hafa orðið þess var að Þórður ætti í öndunarerfiðleikum á meðan hann var í hálstaki ákærða sem hann kveðst hafa tekið Þórði, þar sem hann hafi verið hræddur um að hann myndi ganga frá bróður sínum.

Vitnið Sigtryggur Árni Ólafsson, Skólatröð 5 í Kópavogi, kveðst hafa sótt ákærða Bent Niels heim til hans á milli klukkan 14 og 15 hinn 22. desember 1983. Voru þeir síðan saman í bifreið, sem vitnið ók. Einhvern tíma um klukkan 19 fór vitnið heim til ákærða Bents Nielsar ásamt ákærða Sveini Ragnari, og höfðu þeir þá báðir meðferðis sína áfengisflöskuna hvor. Hófu ákærðu áfengisneyslu, ákærði Bent Niels á leiðinni heim til sín í bifreiðinni en ákærði Sveinn Ragnar eftir komuna þangað. Laust fyrir klukkan 20 um kvöldið hóf vitnið áfengisneyslu með þeim.

Þeir þrír voru síðan saman í íbúðinni um kvöldið og í hana komu einnig þrír kunningjar þeirra, Jóhann, Sigurður og Kristinn. Þá kom stúlka í stutta heimsókn.

Þegar vitnið og Kristinn yfirgáfu íbúðina upp úr miðnætti, voru ákærðu báðir mikið drukknir. Hafði allt farið fram með friði og spekt um kvöldið, og höfðu engin illindi orðið á milli þeirra sem voru í íbúðinni, en þar var spilað á spil og drukkið áfengi.

Vitnið sá Þórð koma um klukkan 23 og það telur og ákærða Bent Niels færa honum áfengi, en Þórður hafði engin samskipti við hina. Var hann annars staðar í íbúðinni. Sá vitnið hann ekki þegar það yfirgaf íbúðina. Voru ákærðu þá tölvert ölvaðir.

Vitnið Kristinn Tómasson, Engjaseli 83 í Reykjavík, kveðst hafa verið gestkomandi í íbúðinni hjá ákærðu umrætt kvöld. Kom vitnið þangað með Jóhanni Þorkelssyni.

Vitnið segir að ákærðu hafi verið að neyta áfengis og hafi allt farið fram með friði og spekt, og voru engin illindi til staðar. Vitnið kveðst hafa yfirgefið íbúðina nálægt miðnætti ásamt Sigtryggi Árna og fannst því ákærðu ekki vera mikið ölvaðir þá.

Vitnið sá Þórð um kvöldið, en hann kom ca klukkustund eftir að vitnið

kom, en það telur sig hafa komið um klukkan 21. Vissi vitnið að ákærði Bent Níels færði bróður sínum áfengi, en hann blandaði ekki geði við aðra þá sem voru í íbúðinni og var út af fyrir sig. Kom vitnið inn í herbergið til Þórðar þegar það fór og sá ekki á honum áfengisáhrif þá svo að það muni. Sátu bræðurnir á rúmi Þórðar með glös hjá sér. Létu þeir samtalið falla niður þegar vitnið kom inn, en það var að sækja vindlingapakka sem þar var. Virtust ákærði og Þórður ekki neitt ósáttir þar sem þeir sátu.

Vitnið Jóhann Þorkelsson, Jörfabakka 6 í Reykjavík, kveðst hafa verið gestkomandi í íbúðinni hjá ákærðu umrætt sinn. Kom vitnið þangað með vitninu Kristni.

Vitnið sá ákærðu hafa áfengi um hönd um kvöldið og telur þá báða hafa verið töluvert ölvaða þegar það yfirgaf íbúðina nokkru eftir miðnætti.

Vitnið sá Þórð en hann hafi engin samskipti haft við aðra í íbúðinni um kvöldið en bróður sinn sem færði honum áfengi tví- eða þrívegis. Segir vitnið að allt hafi verið í góðu lagi á meðan það dvaldi í íbúðinni, engin sundurþykkja né leiðindi sjáanleg.

Vitnið skýrði rannsóknarlögreglu svo frá að það hefði litið inn í herbergið til Þórðar um leið og það fór. Þá hefðu bærdurnir setið þar á rúmi Þórðar og vitnið kastað kveðju á þá. Við meðferð málsins man vitnið ekki eftir þessu, en telur þó að þetta hljóti að hafa átt sér stað úr því að það bar þetta strax eftir atburðinn.

Vitnið Sigurður Sigfússon, Fjarðarseli 35 í Reykjavík, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni, en kom ekki fyrir dóminn við meðferð málsins.

Vitnið kom í íbúðina við Fífusel umrætt kvöld. Sagði vitnið að ákærðu hefðu verið greinilega ölvaðir. Fór fram spilamennska þegar vitnið bar að garði. Nokkru síðar hófu ákærðu að spila hljómplötur.

Vitnið taldi Þórð hafa komið um klukkan 23 eða fyrr. Hann kom ekki inn í stofuna, en ákærði Bent Níels var töluvert frammi hjá honum og færði honum áfengi þrisvar-fjórum sinnum á ekki mjög löngum tíma.

Vitnið kvaðst hafa farið úr íbúðinni ásamt vitninu Jóhanni. Var það nokkru eftir miðnætti. Var þá enginn hávaði í íbúðinni, vandræði né átök. Var ákærði Sveinn Ragnar þá töluvert mikið ölvaður í stofunni, en bræðurnir annaðhvort í eldhúsinu eða inni í herbergi, líklega frekar inni í herbergi.

Vitnið Herdís Sigurðardóttir, Fljótaseli 9 í Reykjavík, kveðst hafa komið í stutta heimsókn í íbúðina umrætt kvöld. Opnaði Þórður fyrir vitninu, og kveðst það ekki hafa séð áfengisáhrif á honum. Það ræddi ekkert við hann. Virtist vitninu ákærðu vera eitthvað undir áhrifum áfengis, en ekki mikið.

Vitnið Ómar Einarsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, kveðst hafa vaknað við dyrasímahringingu um klukkan 3.30 umrædda nótt. Heyrði vitnið eitthvert

kall fyrir utan húsið og umgang í stigaganginum. Vitnið sinnti þessu ekki og fór aftur að sofa, en vitnið býr á 1. hæð til hægri.

Næsta morgun, þegar vitnið vaknaði, heyrði það ýl sem það taldi koma úr íbúðinni á móti. Laust fyrir klukkan 8 hélt vitnið út úr húsinu, og þegar það kom aftur eftir stutta stund að húsinu, sá það að íbúðin á 2. hæð til vinstri var uppljómuð af ljósum. Voru það ljós í eldhúsi og stofu, sem vitnið sá. Þegar vitnið kom nær sá það að svaladyrnar voru opnar og gluggatjöldin þar slógust til fyrir vindi. Vitnið komst að raun um það, þegar það kom inn, að ýlið kom úr áðurgreindri íbúð og að dyrnar inn í hana voru opnar. Vitnið hélt til vinnu um klukkan 8.30, og var þá hljóðið hætt.

Vitnið Guðný Guðlaugsdóttir, Fífuseli 7 í Reykjavík, eiginkona vitnisins Ómars, kveðst hafa yfirgefið húsið um klukkan 22.45 að kvöldi 22. desember á leið til næturvinnu á sjúkrahúsi. Hafði vitnið ekki orðið vart við neitt óeðlilegt í húsinu um kvöldið, áður en það fór á brott.

Vitnið kom aftur heim um klukkan 8.30 næsta morgun og mætti þá í stiga hússins frá jarðhæð upp á 1. hæð ákærða Bent Niels og öðrum pilti sem það þekkti ekki. Voru þeir á leið niður. Báðir voru hressir að sjá og kastaði ákærði Bent Niels kveðju á vitnið, en það var óvenjulegt. Vitnið fór síðan að sofa.

Vitnið Tómas Rögnvaldsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, kveðst búa á jarðhæð hússins. Vaknaði vitnið umrædda nótt við hurðarskelli í húsinu og telur að millihurð í anddyri hafi verið skellt. Þá heyrði vitnið umgang í stigahúsinu, en gerir sér ekki grein fyrir hvort þar voru fleiri en einn á ferð.

Vitnið kveðst hafa heyrt að kallað var og fannst að verið væri að kalla á ákærða Bent Niels. Loks heyrði vitnið hávaða eins og verið væri að færa húsgögn til með gassalegum hætti. Ekki man vitnið hversu lengi þetta stóð en telur að það hafi átt sér stað um klukkan 2.30 um nóttina.

Vitnið Þórir Einar Steingrímsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, kveðst búa á 2. hæð til hægri. Það kveðst hafa vaknað um nóttina við dyrasímahringingu, að það telur klukkan 3.15 til 3.30, en gerir sér ekki grein fyrir hvort hún kom neðan frá útidyrum eða frá íbúðardyrnum. Fór vitnið fram úr og fram í innri forstofu án þess þó að svara hringingunni. Heyrði vitnið dynki eins og verið færi að draga húsgögn til eða velta þeim. Vitnið man ekki hvort það heyrði í fólki eða tónlist. Stóð þessi hávaði stutt yfir með hléi nokkra stund. Um svipað leyti, annaðhvort á meðan dynkirnir stóðu yfir eða strax í framhaldi af þeim, heyrði vitnið í stigahandriðinu og í gegnum dyrnar heyrði vitnið a.m.k. tvo menn ræðast við frammi á ganginum. Fljótlega á eftir var útihurðinni skellt. Man vitnið eftir að hafa litið út um svefnherbergisglugga og séð tvo menn ganga á brott. Var klukkan þá tæplega 3.40. Var ekkert óeðlilegt við ferðir mannanna og fór vitnið síðan að sofa.

Þegar vitnið vaknaði næsta morgun heyrði það hljóð svipað vekjarklukkum sinni, einhvers staðar í húsinu.

Þegar vitnið hélt til vinnu um kl. 7.30 eða fljótlega eftir það sá það íbúðardyrnar á móti standa opnar og heyrði að hljóðið kom úr íbúðinni. Vitnið gekk á hljóðið, en það kom úr svefnherbergi og reyndist í klukkum sem vitnið stöðvaði. Vitnið minnir að einhver ljós hafi verið í íbúðinni.

Á leiðinni út sá vitnið mann liggja á gólfinu í forstofunni. Hélt vitnið að maðurinn lægi þarna sofandi ölvunarsvefni. Vitninu fannst ekkert óeðlilegt við legu mannsins og taldi því ekki ástæðu til að hreyfa við honum, og ekki hvarflaði að vitninu að maðurinn væri látinn eða hjálparþurfi. Það sá ekki framan í manninn.

Vitnið minnir að það hafi ekki lokað dyrunum þegar það yfirgaf íbúðina þar sem einhver hlutur var fyrir þeim.

Þegar vitnið kom heim um klukkan 12.30 var búið að loka dyrum íbúðarinnar, og afskrifaði vitnið þá að nokkuð hefði verið að manninum sem þarna hafði legið.

Vitnið Áslaug Bjarnadóttir, Fífuseli 7 í Reykjavík, eiginkona vitnisins Þóris Einars vaknaði umrædda nótt við dynk eða skell á milli klukkan 2.30 og 3, og komu fleiri en einn dynkur. Þá heyrði vitnið að dyrabjöllum var hringt í íbúð þess. Um svipað leyti hljóp einhver niður stigann. Þá kveðst vitnið hafa heyrt að einhverjir voru að strjúka eftir stigahandriðinu.

Faðir ákærða Bents Nielsar, vitnið Jón Nielsson, Fífuseli 7 í Reykjavík, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu um fjölskylduhagi sína, og var hann spurður um mögulegar ástæður fyrir snöggum skapbrigðum Þórðar umrætt sinn. Kvaðst hann ekki geta skýrt það svo óyggjandi væri. Kvaðst hann leggja fullan trúnað á að aðdragandi átakanna hefði verið með þeim hætti sem ákærðu lýsa honum.

Vitnið kvað Þórð hafa verið ljúfan dreng, skapmikinn, og hefði átt það til að verða fljótur að reiddast. Nefndi vitnið tvö dæmi um slíkt sem orsakadist vegna fjölskylduástæðna. Taldi vitnið að talsverðar líkur væru á því að hin skyndilega reidi Þórðar eða æði, sem virtist hafa runnið á hann, kynni ef til vill að stafa að einhverju leyti af heimiliástæðum.

Vitnið Jódís Steinunn Þorsteinsdóttir, Fífuseli 7 í Reykjavík, móðir ákærða Bents Nielsar, gaf rannsóknarlögreglunni skýrslu um fjölskylduhagi sína og heimkomuna hinn 23. desember 1983.

Vitnið kvaðst hafa farið úr borginni hinn 20. desember og kom aftur heim síðdegis umræddan dag.

Þegar vitnið kom inn í íbúðina sá það Þórð liggja á grúfu á gólfinu í holinu þvert fyrir eldhúsdyrnum. Hélt vitnið að hann væri sofandi, en þegar það reyndi að vekja hann varð því ljóst að hann var annaðhvort aðframkominn eða látinn. Hringdi vitnið á lögreglu og komu lögreglumenn

og sjúkraliðar skömmu síðar. Var vitninu þá tjáð að Þórður væri látinn.

Vitnið kvað Þórð hafa verið rólegan og ljúfan dreng sem hefði verið heimakær og viljað búa við sterk fjölskyldubönd. Nefndi vitnið þrjú dæmi um það að Þórður hefði misst stjórn á skapi sínu með því að leggja hendur á fólk eða berja í vegg og þá vegna umhyggju fyrir sínum nánustu.

Vitnið kvaðst vel geta trúað því að æði hefði runnið á hann umrædda nótt, þótt það gæti að sjálfsögðu ekki vitað hver hefði verið hin raunverulega ástæða fyrir snöggum skapbrigðum hans í þetta sinn.

Vitnið Dóra Skúladóttir, húsmóðir, Stallaseli 2 í Reykjavík, móðir ákærða Sveins Ragnars, óskaði ekki eftir að nýta sér undanþágurétt sinn frá vitnisburði í málinu.

Vitnið telur sig og mann sinn hafa vaknað um klukkan 7 að morgni 23. desember 1983, en þau þurftu að mæta í vinnu. Þá strax byrjaði eiginmaður þess að banka á hurðina hjá ákærða Sveini Ragnari, en hann átti að mæta í vinnu um klukkan 8. Herbergið reyndist ólæst og þegar eiginmaður vitnins leit inn var ákærði Sveinn Ragnar sofandi á gólfinu en ákærði Bent Niels í rúminu, báðir alklæddir. Gekk illa að vekja þá.

Vitnið segir að sonur þess hafi upplýst að heima hjá ákærða Bent Nielsi hefði verið fylleri og slagsmál um nóttina, en þar hefði hann verið. Ekki skýrði ákærði Sveinn Ragnar þessi slagsmál nánar.

Þegar ákærðu fóru virtust vitninu þeir báðir drukkniir. Man vitnið að það heyrði ákærða Bent Niels tala um það, þegar hann var að fara, að bróðir hans hefði verið brjáláður. Kveðst vitnið ekki muna betur en ákærði Bent Niels hefði sagt að bróðir hans hefði verið brjáláður þegar hann kom heim úr vinnunni, og hefði verið enn verri þegar þeir fóru frá honum.

Um kl. 17 þennan sama dag hringdi vitnið heim til ákærða Bents Nielsar og var númerið þá á tali. Enn hringdi vitnið upp úr klukkan 17, og kom þá móðir ákærða Bents Nielsar í símann. Fannst vitninu hún þá alveg sturluð og heyrði strax á henni að eitthvað væri að. Spurði vitnið hvort ákærðu væru þarna, en hún neitaði því. Sagði móðir ákærða Bents Nielsar að hún væri að koma heim og íbúðin öll í rúst. Inn á milli kallaði hún: „Ó sonur minn, ó sonur minn, hann liggur þarna.“ Þá sagðist hún vera búin að hringja í sjúkrabifreið. Eftir þetta sleit hún samtalinu. Vitnið hringdi aftur nokkru seinna, en þá var á tali. Þegar vitnið hringdi klukkutíma síðar náði það sambandi við rannsóknarlögreglumann sem var í íbúðinni.

Vitnið Jón Björgvin Sveinsson, Stallaseli 2 í Reykjavík, faðir ákærða Sveins Ragnars, óskaði ekki eftir að nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði í málinu.

Vitnið kveðst hafa vaknað um klukkan 7.15 umræddan morgun. Það fór inn í herbergi ákærða Sveins Ragnars til að vekja hann, en hann átti

að mæta til vinnu klukkan 8. Voru dyrnar að herberginu lokaðar en ólæstar. Fann vitnið megna áfengislykt í herberginu og sá áfengi í einu glasi á borði. Ákærði Sveinn Ragnar lá sofandi á gólfinu með sæng yfir sér. Ekki man vitnið hvernig hann var klæddur. Í rúminu var ákærði Bent Niels alklaeddur en ekki með neitt yfir sér. Tók ca 10 mínútur eða lengri tíma að vekja ákærðu sem voru mjög syfjaðir og dasaðir.

Vitnið sagði ákærða Sveini Ragnari að fara í vinnuna fyrst en síðan á Slysadeildina vegna sársauka í tå, en ákærða Bent Nielsi sagði vitnið að fara heim til sín. Þá sagði ákærði Sveinn Ragnar við vitnið að ákærði Bent Niels gæti ekki farið heim til sín eða hvort vitnið sæi ekki hvernig hann væri útleikinn, allur kýldur í andliti. Kom þá fram að Þórður bróðir ákærða Bent Nielsar hefði lamið hann svona í andlitið.

Vitnið segir að ákærði Bent Niels hafi sagt að Þórður væri vitlaus fyrir, en kvaðst halda að hann væri orðinn alveg vitlaus núna. Ákærðu héldu síðan á brott gangandi um klukkan 8 og þau hjónin eftir það.

Þegar vitnið kom heim til sín um klukkan 18.30 frétti það hjá konu sinni að hún hefði rætt í síma við móður ákærða Bents Nielsar, sem hefði verið örvingluð, en Þórður hefði legið á gólfinu og væri líklega látinn. Vitninu brá við þessar fréttir og hugsaði með sér að eitthvað mikið væri að fyrst Þórður lægi á gólfinu eftir allan þennan tíma. Hófst vitnið handa um að hafa upp á ákærðu og frétti, að þeir myndu vera á Gauki á Stöng. Hélt vitnið þangað og síðan með ákærða Bent Niels heim til hans og þaðan aftur niður á Gauk á Stöng til að sækja ákærða Svein Ragnar og féлага ákærðu sem þar voru.

Vitnið kveðst hafa spurt ákærða Bent Niels á leiðinni heim til hans um aðdraganda átakanna. Hefði hann sagt að Þórður hefði komið alveg óður inn í stofu og brotið ljósakrónuna í henni og þeir síðan tekist á.

Vitnið Ólafur Bjarnason prófessor, Brekkugerði 26 í Reykjavík, hefur komið fyrir dóminn.

Vitnið segir að Þórður heitinn hafi ekki reynst vera með neinn sjúkdóm, sem gæti hafa haft meðvirkandi áhrif á dauða hans né eigi alkóhólmagn það sem mældist í blóði líksins að vera samverkandi að dauða hans.

Vitnið upplýsir að tak, eins og ákærði Sveinn Ragnar kveðst hafa tekið Þórði, hefði hæglega getað leitt til dauða. Ennfremur hafi þeir áverkar, sem greindust á hálsi hins látna, þ.á m. brot á málbeini, eindregið bent til þess að hinn látni hafi verið kyrktur, enda sé það hinn dæmigerði áverki eftir kyrkingu.

Vitnið segir að ekki hafi fundist merki á líkinu um það að hinn látni hafi verið gripinn kverkatáki framan frá, en það sé hið dæmigerða kverkatáki þegar ásetningur sé að baki kyrkingu.

Vitnið segir að þegar um sé að ræða kyrkingu eins og hér muni hafa

átt sér stað þurfi að hefta öndun í 4-5 mínútur til að dauði hljótist af, en í þessu tilviki hafi það verið hindrun á öndun sem hafi valdið andlátinu. Vitnið segir að erfiðara sé að fullyrða um það að stöðvun á blóðrás til heila hafi valdið því.

Vitnið telur að þegar maður andast eftir kyrkingu að 4-5 mínútum liðnum hafi hann misst meðvitund eftir 2-3 mínútur, en áður hafi smádragið af honum.

Vitnið segir að sá sem tekinn sé hálstaki, eins og ætla megi að hafi átt sér stað í þessu tilviki, brjótist um í fyrstu, en síðan smádragi af honum.

Guðmundur S. Jónsson læknir skoðaði ákærðu eftir að þeir höfðu verið handteknir. Hefur hann gert skýrslur um þessar skoðanir og eru þær dagsettar 24. desember 1983. Í skýrslu læknis um ákærða Bent Niels segir svo:

„Skoðun:

Rólegur í framkomu. Kemur eðlilega fyrir.

Töluverð merki um nýleg átök: 1) Smásár og mar á v. rasskinn. 2) Klór á v. kinn, sem blæðir úr. 3) Klór í v. augnkrók utanverðum. 4) Nuddblettur og húðblæðingar á v. síðu upp undur rifjabarði. 5) Sams konar á v. síðu rétt neðan við naflahæð. 6) Nudd og húðblæðingar á v. upphandlegg innanverðum. 7) Sama á h. öxl. 8) Sama á v. olnboga. 9) 2 djúp för í vöðva á v. framhandlegg. Gætu verið eftir gamlan áverka.

Að öðru leyti er líkamleg skoðun eðlileg.“

Um ákærða Svein Ragnar segir svo í skýrslu læknisins:

„Skoðun:

Rólegur í framkomu. Kemur vel fyrir.

Töluverð merki um nýleg átök: 1) Nuddblettir á báðum olnbogum. 2) Nudd og húðblæðingar yfir aflvöðva á h. framhandlegg. 3) Smáhúðafrifa á innanverðum framhandlegg h. megin. 4) Litlar húðblæðingar eftir átak á handlegg efst á v. upphandlegg og á aðliggjandi brjóstvöðva. 5) Nudd og húðblæðingar á h. herðablaði neðanverðu. 6) Nýtt sár á höku. 7) Ýmis merki um gamla áverka.

Að öðru leyti er líkamleg skoðun eðlileg.“

Rannsóknarlögreglumenn fóru í íbúðina að Fífuseli 7 hinn 3. janúar 1984 til að kanna með svaladyr og umbúnað þeirra. Á hurðinni innanverðri var handfang til að kippa í hurðina, þegar dyrunum var lokað og auk þess tvær krækjur til að spenna hurðina að karminum. Höfðu móttökin fyrir krækjurnar dregið út að hluta skrúfurnar sem halda móttökunum að innanverðu, fjær hurðinni. Auk þess var sprunga í járníð í efra móttakinu, rétt fyrir ofan neðstu skrúfuna. Að sögn móður ákærða Bents Nielsar höfðu skúfurnar verið komnar aðeins út þegar hún síðast vissi, en það hefði aukist nokkuð síðan. Við sama tækifæri upplýsti móðir ákærða Bents Nielsar að

borð í holinu hefði legið á hvolfi þegar hún kom í íbúðina 23. desember og hún sett það á sinn stað við útidyr íbúðarinnar, en það hefði legið nálægt veggnum á mótum hols og baðherbergis.

Móðir ákærða Bents Nielsar upplýsti rannsóknarlögregluna, að Þórður sonur hennar hefði ætíð verið með hálsfesti og tvo silfurkrossa um hálsinn. Þessir hlutir hafa ekki fundist, en að mati rannsóknarlögreglunnar gætu þeir hugsanlega skýrt tilvist áverka á framanverðum hálsi líks Þórðar, en armur eða armar krossanna hefðu getað myndað rákir eða rispað húðina við hálstak eða hálstök.

Vitnið Eyjólfur Jónsson lögreglumaður, Rauðagerði 22 í Reykjavík, gerði skýrslu um fyrstu afskipti lögreglunnar af þessu máli og hefur staðfest hana við meðferð þess. Þá hafa rannsóknarlögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Hannes Gunnar Thorarensen, Haraldur Árnason og Högni Einarsson ásamt Ragnari Vigni, aðstoðaryfirlögregluþjóni, unnið að rannsókn málsins og gerð rannsóknargagna. Hafa þessi vitni öll staðfest þau verk, sem þau hafa unnið að, við meðferð málsins.

#### *Niðurstöður:*

Með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað sem fram er komið í málinu, er sannað að ákærðu hafi orðið samvaldir að dauða Þórðar Jónssonar í íbúð á 2. hæð að Fífuseli 7 í Reykjavík umrædda nótt. Þykir bera að leggja til grundvallar þá frásögn ákærðu að Þórður hafi skyndilega ráðist að þeim, enda er enginn til frásagnar annar en þeir um það er gerðist né neitt er gerir frásögn þeirra um það tortryggilega. Þá er sannað með frásögn ákærðu og niðurstöðu krufningar að ákærðu hafi við varnaraðgerðir sínar gerst offarar gagnvart Þórði og hálstak þeirra hafi í síðara skiptið leitt þegar til dauða Þórðar vegna kyrkingar eða til meðvitundarleysis hans vegna hins sama og síðar til dauða, en ákærðu mátti vera ljóst að hálstök þeirra voru stórhættuleg. Verður sök ákærðu, sem stóðu saman að aðgerðum gagnvart Þórði, eigi skipt heldur litið á háttsemi þeirra í einni samfellu.

Þá er með eigin játningum ákærðu, sem eru í samræmi við annað sem fram er komið, sannað að ákærðu hafi komið á ný í íbúðina að Fífuseli 7 næsta morgun um klukkan 8 og þá komið að Þórði liggjandi í sömu skorðum og þeir skildu við hann um nóttina en samt yfirgefið íbúðina aftur án þess að athuga ástand Þórðar né kalla eftir aðstoð en það var ákærðu rétt að gera eins og á stóð. Mátti ákærðu vera ljóst að það væri ekki edlilegt að ákærði lægi í sömu stellingum og þegar ákærðu skildu við hann um nóttina.

Brot ákærðu eru rétt færð til refsíákvæða í þessari ákæru.

*Ákæra dagsett 3. janúar 1985.*

Sunnudaginn 18. nóvember 1984 klukkan 6.10 var óskað lögregluaðstoðar að Stelkshólum 6 í Reykjavík, en þar væri stúlka sem hefði orðið fyrir nauðgun. Tveir lögreglumenn héldu á staðinn og hitta þar X þar til heimilis, sem kvað sér hafa verið nauðgað um nóttina í húsinu nr. 2 við Stallasel af manni sem þar hefði sagst búa hjá foreldrum sínum.

Samkvæmt skýrslu Hans Markúsar Hafsteinssonar lögreglumanns, Litluþæjarvör 3 á Álftanesi, sem hann hefur staðfest við meðferð málsins, var X allnokkuð úr jafnvægi en ekki var að sjá áverka á henni né kvaðst hún vita til þess að svo væri. Þá voru buxur hennar og peysa í lagi.

Rannsóknarlögregla ríkisins tók að sér rannsókn málsins og gaf vitnið X skýrslu hjá henni þegar þennan morgun. Verður nú gerð grein fyrir framburði vitnisins þá og síðar.

Vitnið kveðst hafa verið stutt fyrir utan veitingahúsið Klúbbinn umrædda nótt og heldur að um þetta leyti hafi verið búið að loka veitingahúsinu. Þarna hittu vitnið ákærða Svein Ragnar sem bauð því í partí. Þekkti vitnið hann ekkert. Virtist ákærði eitthvað í því en ekki mikið drukkinn. Vitnið kveðst hafa sagt ákærða að það væri orðið þreytt og vildi fara heim. Þá fór ákærði að tala meira um þetta og vitnið spurði hvar partíið ætti að vera. Sagði ákærði að það ætti að vera heima hjá honum uppi í efra Breiðholti. Fór þá vitnið að lifna við og sagði ákærða að það ætti líka heima þar og væri stutt fyrir það að fara. Vitnið spurði ákærða hvort þau yrðu bara tvö í partíinu, og sagði hann svo vera. Þá kvaðst vitnið ekki vilja fara með ákærða, en hann upplýsti að líklega kæmu tvö pör á eftir. Vildi vitnið fá ákærða til að benda á þessi tvö pör, en hann var alltaf með einhverja útufrúninga og sagði að þau kæmu strax á eftir.

Ákærði og vitnið héldu nú heim til ákærða með leigubifreið. Var húsið allt í myrkri þegar þangað kom. Ákærði virtist ekki eiga fyrir leigubifreiðinni og bauð bifreiðarstjóranum að greiða með greiðslukorti, en hann gat ekki tekið við slíkri greiðslu. Þá spurði ákærði vitnið hvort það ætti peninga, en það átti ekki nóga peninga og þurfti að eiga þá fyrir leigubifreið fyrir sig. Endaði þetta með því að ákærði fór inn í húsið og kom til baka með þúsund krónur og greiddi bifreiðina. Voru þá vitnið og leigubifreiðarstjórinn búinn að bíða lengi og í þann veginn að fara.

Vitnið segir að þau hafi farið inn um aðaldyr hússins og komið inn á efri hæð þess. Þar fóru þau inn í strákaherbergi með skrifborði og flottum græjum. Kvaðst ákærði vera einn í húsinu og skrúfaði græjurnar strax á hæsta. Var vitnið af þeirri ástæðu visst um að svo væri.

Vitnið kveðst hafa spurt ákærða hvar vínið væri, en hann hefði sagt að hann ætti ekkert vín. Spurði vitnið hvað ákærði væri að bjóða því heim upp á vín og ætti svo ekkert. Sagði ákærði vitninu þá að bíða, fór út og

kom eftir nokkra stund með drykk sem vitninu fannst vondur. Síðan biðu þau og vitnið spurt hvort fólkið færi ekki að koma, og kvað ákærði svo hljóta að vera. Eftir að vitninu fannst langa bið viðurkenndi ákærði að fólkið kæmi ekki neitt. Brást vitnið illa við, en ákærði hló og var með einhverja stæla. Varð vitnið þá vont og sagðist ætla að fara. Greip ákærði þá fyrir nef og munn vitnisins svo að það gat hvorki andað né öskrað. Reyndi vitnið að rífa í höndina á ákærða og í hár hans en réð ekki við hann. Heldur vitnið að ákærði hafi verið á hnjúnum í rúmi sem var fyrir aftan stólinn sem það sat í og tekið fram fyrir vitnið og með hinni hendinni um háls þess svo að það varð að fara aftur á bak og lenti þá í rúminu. Var ákærði þá ekki farinn að leita eftir kynmökum við vitnið, hvorki með orðum né athöfnum. Segir vitnið að ákærði hafi sífellt tekið fastar svo að það var að kafna. Vitnið taldi að ekki þýddi að æpa þar sem enginn væri heima.

Vitnið segir að ákærði hafi alveg haldið því föstu með því að halda fyrir nef þess svo að það var hrætt við að kafna. Reyndi vitnið að rífa í ákærða og sparka í hann og einnig í vegginn og öskraði eitthvað.

Vitnið segir að ákærði hafi rífið ytri buxur þess niður með því að losa smellu og rennilás og hafi hann dregið buxurnar niður fyrir hné, einnig nærbuxurnar. Gerði ákærði þetta snögglega með höndunum, og reyndi vitnið eitthvað að berjast á móti en fannst það ekki geta neitt. Það hefði þó reynt eins og það gat. Segir vitnið að ákærði hafi klætt það úr ytri og innri buxum og hafi það þá öskrað og öskrað. Kvaðst vitnið hafa reynt að fara úr sófanum, en ákærði alltaf ýtt því niður aftur. Segir vitnið að ákærði hafi alltaf haldið fyrir munn þess svo að það hafi ekki getað öskrað mikið.

Vitnið segir að ákærði hafi síðan lagst ofan á það í sófanum og hefði hann getað fært fætur þess eitthvað í sundur og sett lim sinn í kynfæri þess og hafið samfarir en hann var búinn að færa niður buxur sínar. Stóðu samfarirnar stutt og varð ákærða ekki sáðlát. Á meðan á þessu stóð telur vitnið að bankað hafi verið í vegginn sem sófinn var upp við. Vissi vitnið þá að það var ekki eitt og gæti fengið einhverja hjálp. Telur það að því hafi tekist að sparka í ákærða svo að hann hentist frá því. Hentist vitnið þá út á gólf og skreið eftir því. Tókst vitninu að klæða sig í buxurnar og opna dyrnar. Stóð þá systir ákærða fyrir utan og spurði hvað væri að ske og kallaði á foreldra þeirra.

Vitnið segir að foreldrar ákærða hafi komið strax og spurt hvað hefði verið að ske, og hefði það reynt að segja þeim að ákærði hefði verið að nauðga því. Kveðst vitnið hafa skolfið og grenjað af æsingi. Vitnið segir að foreldrarnir hafi ekki hlustað á það, en aðeins staðið og horft á það

og reynt að róa það niður. Kveðst vitnið hafa hlaupið í símann, en hann hefði verið algerlega dauður.

Vitnið kveðst hafa legið á gólfinu í sjokki, en faðir ákærða hefði spurt systur hans hvort hún hefði ekki heyrt neitt. Kveðst hún hafa heyrt einhver læti. Spurði hann þá hvers vegna hún hefði ekki látið þau vita. Kvaðst hún ekki hafa fattað það.

Vitnið kveður föður ákærða hafa talað við hana inni í stofu og hann inni í herbergi. Eftir það hefði ákærði komið og beðið það fyrirgefningar. Vitnið kveðst hafa neitað því og sest niður í stigann og grátið. Vitnið kveður ákærða hafa spurt það hvort það ætlaði að kæra sig, hefði það játað því. Segir vitnið að foreldrar ákærða hafi verið að reyna að róa það og boðið því kaffi sem það þáði ekki, heldur hélt áfram að gráta og öskra eitthvað.

Vitnið kveður móður ákærða hafa verið að reyna að tala við sig og spyrja sig hvort hún ætlaði að kæra. Telur vitnið sig hafa verið í húsinu í klukkustund, en þá ók móðir ákærða því heim. Reyndi hún í þeirri ferð að fá vitnið ofan af því að kæra ákærða. Sagði hún að ákærði væri ungur og hvort vitnið vissi hvað hún gerði ákærða með því að kæra hann. Vitnið kveðst hafa hringt í lögregluna strax og það kom inn og hefði hún sótt það eftir ca hálfu klukkustund.

Vitnið man ekki hvort ákærði hafði læst herberginu eftir að þau komu inn í það. Kveðst vitnið hafa verið undir áhrifum áfengis, en ekki ofurölvi og hafi það verið vel ferðafært. Það getur enga skýringu gefið á því hvers vegna fót þess voru heil eftir átökin í rúminu.

Ákærði Sveinn Ragnar var handtekinn á heimili sínu um klukkan 11.50 þennan dag, og var hann sofandi þegar ransóknarlögreglumenn komu heim til hans. Hófst yfirheyrsla yfir honum upp úr hádeginu.

Ákærði kvaðst muna lítið eftir atburðum liðinnar nætur því hann hefði verið mjög ölvaður. Byrjaði ákærði áfengisneyslu í afmælisveislu á milli klukkan 19 og 20 kvöldið áður. Hann var síðan við áfengisneyslu fram yfir miðnætti.

Ákærða fannst að hann hefði hitt stúlkuna fyrir utan Klúbbinn og minntist hann þess ekki að hafa hitt hana áður eða þekkja hana. Mundi ákærði ekki hvernig það atvikaðist að þau fóru að tala saman, hann og stúlkun, né mundi hann hvort hann bauð stúlkunni í partí eða hvort hún spurði um slíkt.

Ákærði kvaðst hafa boðið stúlkunni með sér í partí. Ætlaði ákærði að fara í partí í hús í Seljahverfi. Fannst honum að hann væri eitthvað að rugla því saman og að fara með stúlkuna heim og að fara með hana í áðurgreint hús í partíið. Sagði ákærði að tilgangurinn með því að fara með stúlkuna heim hafi verið sá að reyna við hana.

Ákærði kvaðst ekki hafa átt fyrir leigubifreiðinni sem flutti þau heim til hans og hefði hann farið inn í húsið og vakið systur sína og fengið 1000 krónur lánaðar hjá henni.

Ákærði kvaðst hafa farið með stúlkuna inn í húsið og beint inn í herbergi sitt, en þar kveikti ákærði á plötuspilara. Hann sótti síðan vín fram í eldhús í eitt glas fyrir þau bæði. Kvaðst ákærði, er þarna var komið, hafa verið eins fullur og hægt væri að vera án þess að vera ósjálfbjarga.

Ákærði mundi ekki eftir að hafa sagt við X að hann ætti von á fleira fólki eða tveim þörum heim til sín. Þó væri ekki útilokað að hann hefði gert það. Hafði ákærði verið í húsi við Gljúfrasel áður en hann fór að Klúbbnum og ætlaði þangað aftur, en þar voru tvær stúlkur þegar hann fór þaðan og tveir piltar. Gæti þetta því verið ástæðan fyrir því að ákærði hefði minnst á tvö þör.

Ákærði taldi sig hafa setið á rúminu og hafi glasið verið á gólfinu eða á skrifborðinu. Ekki mundi ákærði hvað hann og stúlkan voru að tala um eða hvort þau voru að tala um eitthvað. Taldi ákærði sig hafa setið við hlið stúlkunnar og hafi hann verið að reyna eitthvað við hana. Hún hafi ekki tekið því vel, en þó hélt ákærði að hún hefði ekki reynt að ýta honum frá sér eða standa upp.

Ákærði sagði atburðina í þoku fyrir sér og mundi hann ekki eftir að hafa tekið fyrir vit stúlkunnar og fengið hana þannig yfir á sófann. Mundi ákærði næst að hann var að draga ytri og innri buxur af stúlkunni þar sem hún lá í rúminu. Mundi ákærði að stúlkan reyndi að toga upp um sig buxurnar aftur, en mundi ekki eftir annarri mótspyrnu hennar. Mundi ákærði ekki eftir að stúlkan berðist á móti, hvorki með því að berja ákærða né klóra hann. Þá mundi ákærði ekki til þess að hafa haldið fyrir vit stúlkunnar eða haldið henni á annan hátt á meðan hann var að klæða hana úr buxunum. Loks mundi ákærði ekki eftir að stúlkan gæfi frá sér nein hljóð á meðan hann klæddi hana úr.

Ákærði kvaðst síðan muna eftir að hafa legið við hliðina á stúlkunni í rúminu og að það hefði líklega verið þá, sem hann klæddi sjálfan sig úr buxum og nærbuxum. Taldi ákærði sig síðan hafa lagst ofan á stúlkuna til að hafa við hana samfarir, og þá hafi hún farið að æpa og hann tekið fyrir munninn á henni. Tók ákærði enn fram að hann myndi þetta bara í þoku og óljóst. Hann myndi aðallega eftir því sem hann hefði gert sjálfur en minna eftir því sem stúlkan gerði. Sagði ákærði að verið gæti að stúlkan hefði eitthvað reynt að æpa þegar hann klæddi hana úr buxunum, en hann gæti ekkert sagt um þetta.

Ákærði mundi ekki hvort honum tókst að stinga getnaðarlim sínum í kynfæri stúlkunnar, en hann kvaðst viss um að hann hefði ekki fengið fullnægingu eða sáðlát. Ákærði mundi eftir því næst að bankað var á

herbergishurðina og beðið um að opna. Stóð ákærði þá upp og opnaði. Mundi ákærði ekki hvort stúlkan velti eða sparkaði ákærða ofan af sér. Þá mundi ákærði ekki hvort hurðin á herberginu var læst eða ekki. Ekki mundi ákærði með vissu hver bankaði á hurðina hjá honum. Hann mundi eftir að hafa farið út úr herberginu og beðið stúlkuna fyrirgefningar. Hann mundi ekki eftir að hafa rætt við foreldra sína. Ákærði fór síðan að sofa og vaknaði þegar rannsóknarlögreglumenn komu á heimilið til að tala við hann.

Gerð var krafa af hálfu rannsóknarlögreglunnar, að ákærði yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald. Var krafan sett fram að kvöldi 18. nóvember og ákærði þá yfirheyrður. Neitaði hann sakargiftum, en kannaðist við að hafa reynt að hafa samfarir við stúlkuna. Þá staðfesti ákærði áðurgeinda skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni. Var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald næsta dag.

Ákærði Sveinn Ragnar var yfirheyrður í ný 21. nóvember og gat þess að ýmislegt hefði rifjast upp fyrir sér eftir að hann gaf fyrstu skýrslu sína.

Ákærði sagði að sér hefði fundist stúlkan ekki streitast það mikið á móti, þegar þau voru í rúminu, að honum fundust það bara látalæti. T.d. hefði hún ekki gert tilraun til að standa upp og þegar hann hefði verið að færa hana úr buxunum hefði í fyrstu verið eins og henni stæði á sama, og hefði hún lyft rassinum og hjálpað til þannig að hún kæmist úr buxunum. Eftir það hefði hún farið að ná upp um sig buxunum, en ekki streist það mikið á móti, þegar ákærði var að toga niður um hana buxurnar, að það hefði verið með neinum erfiðismunum sem ákærði hefði gert það, en hún hefði hætt að toga í þær eftir að þær voru komnar niður að hnjám.

Ákærði sagði að stúlkan hefði ekki öskrað né látið illum látum fyrr en hann hefði lagst ofan á hana, en þá hefði hún farið að öskra. Var það í sömu mund og ákærði náði henni úr buxunum. Hefði hann tekið fyrir munninn á henni og þá hefði verið bankað. Hefði stúlkan þá ýtt við ákærða. Væri það svona hálf í hvoru, hvort hún hefði hrint honum ofan af sér eða að hann hefði staðið upp. Kvaðst ákærði hafa tekið þessu sem látalátum þar til stúlkan hefði farið að öskra. Þá hefði hann tekið fyrir munn hennar til þess að þagga niður í henni. Kvaðst ákærði hafa klætt stúlkuna úr báðum buxum öðru megin, en sjálfur hefði hann farið úr buxunum niður að hnjám. Kvaðst ákærði ekki muna nánar hvað hann hefði verið búinn að gera hvað samfarir varðaði, en hann héldi að hann hefði örugglega ekki verið búinn að hafa samfarir, og hefði hann hætt við það þegar stúlkan fór að öskra.

Ákærði kvaðst muna að hann hefði bankað upp á hjá systur sinni og Sveini unnusta hennar og hefði hann rétt honum 1.000 krónurnar fyrir leigubifreiðinni.

Ákærði kvað stúlkuna ekki hafa talað um að fara eftir að hún fékk að vita að ekki væri von á fleira fólki. Kvað ákærði plötuspilarann hafa verið lágt stilltan, svo að hann vekti ekki fólk í næsta herbergi.

Ákærði neitaði að hafa tekið stúlkuna af skrifborðsstólum og yfir í rúmið. Hann kvaðst halda að það hefðu verið öskrin í stúlkunni sem orsökudu það að hann hætti við að hafa samfarir og fór að þagga niður í henni.

Ákærði og X voru samprófuð hjá rannsóknarlögreglunni um misræmið í framburði þeirra. Fór samprófunin fram 22. nóvember og héldu bæði við fyrri framburð. Kannaðist ákærði ekki við að hafa haft samfarir við stúlkuna, og hún hélt fast við fyrri frásögn sína um viðskiptin við ákærða.

Ákærði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi sama dag klukkan 15.

Við meðferð málsins lýsir ákærði því yfir að hann vilji ekki viðurkenna að hann hafi með ofbeldi þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis umrætt sinn.

Ákærði tekur fram að sér hafi fundist það á stúlkunni, eftir að hún kom inn í herbergi hans, að hún gæti hugsað sér að hafa við hann samfarir. Ákærði kveðst hafa hætt við tilraunir sínar, eins og áður er komið fram, vegna mótspyrnu stúlkunnar. Hann segir að bank á hurðina á herberginu hafi ekki verið ákvörðunarástæða fyrir því að hann hætti tilraunum sínum. Vill ákærði halda því fram að hann hafi verið hættur tilraunum sínum þegar bankað var.

Ákærði kveðst hafa orðið reiður yfir málalokum og viðhaft einhver illyrði í garð stúlkunnar, en man ekki að greina frá þessum orðum sínum.

Foreldrar ákærða óskuðu ekki eftir að nýta undaþágurétt sinn til vitnisburðar.

Vitnið Jón Björgvin kveðst hafa vaknað síðla nætur eða um klukkan 5 við kvenmannsgrát í íbúð sinni umrætt sinn. Þegar vitnið kom fram úr herberginu sá það stúlku á ganginum, sem var grátandi og sagði vitninu að sér hefði verið nauðgað af ákærða Sveini Ragnari. Hann var þarna nærstaddur og neitaði sakargiftum.

Vitnið sá engin merki um átök á ákærða og stúlkunni eða önnur merki þess að það hefði við rök að styðjast, sem hún sagði.

Vitnið hafði engin óp heyrt áður en það vaknaði við grátinn né sá það önnur merki þess að átök hefðu átt sér stað í íbúðinni.

Vitnið Dóra kveðst hafa vaknað á heimili sínu síðla nætur umrætt sinn við væl. Þegar vitnið kom fram á ganginn framan við svefnherbergisdýrnar sá það stúlku þar og var hún alklædd. Segir vitnið að stúlkan hafi verið snóktandi, og sagði hún að ákærði Sveinn Ragnar hefði verið að nauðga henni. Vitnið vill þó ekki fullyrða um þetta, og vera megi að stúlkan hafi talað um að ákærði hafi reynt að nauðga henni.

Vitnið segir að Rakel, dóttir þeirra hjóna, hafi einnig verið á ganginum, þegar vitnið kom þangað fram. Þá kveðst vitnið hafa séð ákærða þarna rétt hjá, og var hann klæddur í síðbuxur og ber að ofan.

Vitnið sá engin merki á ákærða eða stúlkunni sem bentu til þess að átök hefðu átt sér stað á milli þeirra.

Vitnið segir að eitt lítið herbergi sé á milli svefnherbergis þeirra hjóna og herbergis ákærða. Í því var 5 ára dóttir þeirra hjóna.

Vitnið segir að hljóðbært sé í húsinu, og hefðu þau hjón átt að heyra ef neyðaróp hefði verið rekið upp í herbergi ákærða.

Vitnið Sveinn Rúnar Þórarinsson, Holtaseli 35 í Reykjavík, kveðst hafa verið gestkomandi að Stallaseli 2 umrædda nótt. Vaknaði vitnið um klukkan 5 um nóttina við það að ákærði kom til að fá peninga að láni fyrir leigubifreið. Vitnið fór að sofa eftir að hafa lánað ákærða peningana. Það var síðan vakið af Rakel, systur ákærða, eftir um 20 mínútur og var hún þá að fara fram til að banka á dyrnar hjá ákærða, en hún hafði minnst á að þar væri eitthvað að ske. Kom þá stúlkun út úr herbergi hans en vitnið hafði áður heyrt eitthvert rifrildi innan úr því. Vitnið heyrði engin öskur þaðan né hávaða úr hljómflutningstækjum. Vitnið sá ekki stúlkuna sem kom út úr herberginu, en segir að því hafi verið sagt síðar að þar hafi verið stúlka.

Vitnið heldur því fram að það hefði heyrt í hljómflutningstækjunum ef þau hefðu verið stillt hátt í herbergi ákærða greinda nótt, en hljóðbært sé á milli herbergja.

Vitnið fullyrðir að það hafi engin hjálparköll heyrt í húsinu umrædda nótt eða öskur.

Rakel systir ákærða gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í upphafi rannsóknarinnar, en lýsti því síðan yfir að hún vildi nýta undanþágurétt sinn frá vitnisburði. Verður framburður hennar því eigi rakinn.

Rannsóknarlögreglumennirnir Bjarni Jóhann Bogason, Helgubraut 23, og Guðmundur Gígja, Birkigrund 55, báðir í Kópavogi, unnu að rannsókn málsins og hafa við meðferð þess staðfest þau verk sín.

Andrés Ásmundsson læknir, sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðing-  
arhjálp, skoðaði X klukkan 10.45 að morgni 18. nóvember. Í skýrslu læknisins segir svo um skoðunina:

„Við skoðun kveðst konan vera í sömu fötum og við nauðgunina. Fötin voru heil, teygjur í nærbuxum heilar, ekkert blóð í nærbuxum. Konan virtist allsgáð en nokkur vínþefur var úr vitum hennar. Engir áverkar sáust á líkama hennar, ekkert blóð á ytri kynfærum eða í leggöngum. Hægt var auðveldlega að þreifa leggöngin með 2 fingrum, enda kvaðst konan hafa fætt barn. Síni var tekið úr leggöngum og leghálsi og sáust engir sáðlar við smásjárskoðun.

Skoðunin hefur ekki sýnt nein ótvíræð einkenni um ofbeldi eða nauðgun en hins vegar hefur ekkert komið fram sem afsanni frásögn konunnar.“

Helgi Guðbergsson, aðstoðarborgarlæknir, skoðaði ákærða kl. 14 sama dag og X var skoðuð af Andrésí lækni. Í vottorði læknisins segir svo:

„Á húð og yfir miðju bringubeini eru fjórar grunnar rispur, sem liggja niður á ská í stefnu frá hægri öxl í átt að vinstri rifjaboga. Rispur þessar eru misdjúpar en hver þeirra er u.þ.b. einn sentimetri að lengd. Útlit þeirra og hrúður bendir til að þær séu a.m.k. sólarhrings gamlar. Útlitið líkist fari eftir neglur.

Á hægri sköflungi miðjum er grunnur hrufblettur á stærð við 50 aura smápening. Þetta hruf er mjög sennilega minna en hálf sólarhrings gamalt. Slíkt hruf getur sést t.d. eftir að maður rekur sig í eða spark eða högg af hlut.

A.ö.l. sjást ekki nein áverkamerki.“

Ákærði og stúlkan voru vegin og mæld í tæknideild rannsóknarlögreglunnar 22. nóvember. Reyndist hún 1.69 cm á hæð og 84 kg, en hann 1.79 cm á hæð og 63 kg að þyngd.

Ákærða var tekið blóð- og þvagsýni til alkóhólrannsóknar klukkustundu eftir að hann var sóttur á heimili sitt á sunnudeginum. Var magn alkóhóls í blóðinu 0.65‰ en í þvagini 1.20‰.

#### *Niðurstöður.*

Ákærði Sveinn Ragnar hefur staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir við stúlkuna X nauðuga, en því hefur hún haldið fram. Hann kannast hins vegar við að hafa boðið X heim til sín í því skyni að reyna að hafa við hana samfarir. Kveðst ákærði ekki hafa getað haft samfarir við stúlkuna vegna mótþróa hennar.

Ákærði Sveinn Ragnar og X bera sitt með hvorum hætti eins og áður er rakið. Stendur þar staðhæfing gegn staðhæfingu. Engin áverkamerki reyndust á X við skoðun né merki þess að við hana hefðu verið hafðar samfarir og föt hennar voru heil. Þá liggur ekki fyrir framburður vitna sem styrki framburð X. Þegar allt er virt sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, þykir ekki koma fram alveg næg sönnun fyrir því að ákærði hafi haft samfarir við X nauðuga greint sinn. Ber því að sýkna ákærða af þeim sakargiftum og þar með af broti á 194. gr. almennra hegningarlaga.

#### *Sakaferill ákærðu.*

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —

[Samkvæmt sakavottorðum hefur hvor hinna ákærðu tvívegis sæst á greiðslu sektar fyrir umferðarlagabrot.]

*Refsingar.*

Refsing ákærðu hvors um sig þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár.

*Gæsluvarðhald.*

Ákærðu voru báðir úrskurðaðir í gæsluvarðhald 25. desember 1983 allt til 25. janúar 1984. Var ákærði Bent Niels færður í varðhaldið kl. 12.15, en ákærði Sveinn Ragnar klukkan 12.20. Þeir voru látnir lausir að lokinni samprófun í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að kvöldi 2. janúar 1984. Voru þeir þá settir í farbann frá landinu allt til 1. júlí 1984 og gert að afhenda rannsóknarlögreglu vegabréf sín.

Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, að framangreint gæsluvarðhald komi refsingum ákærðu til frádráttar, 9 dagar hjá hvorum.

*Sakarkostnaður.*

Dæma ber ákærðu samkvæmt 2. mgr. 142. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 12. nóvember 1984. Skal ákærði Bent Niels greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærði Sveinn Ragnar skal greiða skipuðum verjanda sínum, Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í sömu laun. Annan sakarkostnað vegna sakarefnisins í þessari ákæru greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur.

Allur sakarkostnaður vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 3. janúar 1985 skal samkvæmt 1. mgr. 140. gr. laga nr. 74, 1974, greiðast úr ríkissjóði, þar með taldar 10.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda ákærða Sveins Ragnars.

Jónatan Sveinsson saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Bent Niels Jónsson og Sveinn Ragnar Jónsson, sæti hvor um sig fangelsi 3 ár. Til frádráttar refsingum ákærðu skal koma gæsluvarðhaldsvist þeirra hvors um sig, 9 dagar.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 12. nóvember 1984. Skal ákærði Bent Niels greiða skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun og ákærði Sveinn Ragnar skal greiða skipuðum verjanda sínum, Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögmanni,

30.000 krónur í sömu laun. Annan sakarkostnað vegna sakarefnisins í þessari ákæru greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 30.000 krónur.

Allur sakarkostnaður vegna sakarefnisins í ákæru málsins frá 3. janúar 1985 skal greiðast úr ríkissjóði, þar með taldar 10.000 krónur í málsvarnarlaun til verjanda ákærða Sveins Ragnars.

---

Fimmtudaginn 16. október 1986.

Nr. 169/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
 gegn

**Sveinbirni Jónssyni**

(Sigurður Georgsson hrl.)

Misneyting. Tékkalagabrot. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús P. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 6. maí 1986 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ákærulið I (brot gegn lögum um tékka).

Ákærði fékk Kötlu Þórðardóttur til þess að gefa út til sín og afhenda sér sex veðskuldabréf að fjárhæð samtals 270 þúsund krónur er hann síðan tók að hagnýta í eigin þarfir. Til þess að afla sér hagsmuna þessara notaði hann sér fákunnáttu hennar. Ber því að refsa ákærða samkvæmt 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eins og ákæru er hagað kemur eigi til álita hvort ákærði